



# Hagstofa Íslands

Fjallabyggð, Bæjarstjórn  
b.t. Guðrún Sif Guðbrandsdóttir, bæjarstjóri  
Gránugötu 24  
580 SIGLUFIRÐI

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Ágæta bæjarstjórn

Hagstofan undirbýr nú töku manntals og húsnæðistals 1. janúar 2021. Ráðgert er að framvegis verði tekið manntal á hverju ári.

Manntalið mun gefa upplýsingar um íbúafjölda, menntun, atvinnuþátttöku og stöðu mannfjöldans á vinnumarkaði, sem og um fjölskyldur og heimili. Auk þess verða birtar yfirgripsmiklar tölur um húsnæði landsmanna, fjölda íbúða, sumarhúsa, íbúðarhúsnæði sem stendur autt og annað um húsnæðisaðstæður landsmanna á manntalsdegi. Nær allar þessar upplýsingar verða birtar fyrir hvert og eitt sveitarfélag en ekki aðeins stærri landsvæði.


Vel heppnað manntal mun ekki aðeins verða að töflum í hagtölum, heldur verður það ómetanlegt gagn í allri starfsemi sveitarfélaganna og grunnur að áætlanagerð og ákvarðanatöku fyrir þau, ríkisvaldið, fyrirtæki og íbúana sjálfa.

Til þess að tölur um búsetu á Íslandi verði sem sambærilegastar erlendum tölum mun Hagstofan telja fólk til heimilis þar sem það býr að staðaldri, fremur en þar sem það er skráð til lögheimilis. „Að staðaldri“ þýðir meðal annars búseta þar sem viðkomandi hefur búið í a.m.k. 12 mánuði á manntalsdegi (næst 1. janúar 2021) eða gerir ráð fyrir að búa þar í a.m.k. 12 mánuði.

Þar sem nokkuð vantar upp á að hægt sé að ákvarða búsetu allra einstaklinga með hjálp íbúaskrár Þjóðskrár Íslands mun Hagstofan fara þess á leit við sveitarfélögin að þau veiti henni nokkrar upplýsingar til viðbótar:

- Á undanförmum árum hefur farið mjög í vöxt að fólk sé ekki skráð á tiltekið heimilisfang í sveitarfélaginu heldur er heimilisfangið ótilgreint. Tekið skal fram að þessi staðsetning mun ekki hafa áhrif á lögheimilisskráningu viðkomandi í Þjóðskrá.
- Sömuleiðis eru ekki til miðlæg gögn um heimilislaut fólk, eða fólk sem á í húsnæðisvanda og sveitarfélögin hafa auga með.
- Loks skiptir máli til að meta fjölda íbúða rétt, að fá upplýsingar um íbúðarhúsnæði þar sem enginn er skráður til húsa en gæti verið nýtt til annarrar starfsemi eða til sumarbúsetu eigenda og eru því í reynd ekki húsnæði sem stendur autt.

Manntalið mun fylgja evrópskum reglum í samræmi við Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 763/2008, sem hefur verið tekin upp í EES samninginn með samþykkt sameiginlegu EES nefndarinnar



nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009, sbr. og 1. gr. 124. tl. reglugerðar um gildistöku og innleiðingu tiltekinna gerða Evrópusambandsins á sviði hagskýrslugerðar nr. 777/2016, 11. júlí 2016.

Það er von Hagstofunnar að Fjallabyggð muni taka vel í þessar beiðnir, en nánari gagnabeiðnir verða sendar út í byrjun janúar 2021.

Frekari upplýsingar veitir verkefnisstjóri manntalsins, Ómar S. Harðarson, í síma 528 1031 ([omar.s.hardarson@hagstofa.is](mailto:omar.s.hardarson@hagstofa.is)).

Virðingarfyllt



---

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri

afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga  
Forsætisráðuneytið  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið